

**Varðandi:** Tillaga vegna ráðningar verkefnastjóra  
almannavarnarnefndar Vesturlands.

**Málsnúmer:** 1908316.

**Dagsetning:** 27. ágúst 2019.

---

## **TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir samkomulag sveitarfélaganna á Vesturlandi um tímabundna ráðning starfsmanns í 50% stöðu hjá almannavarnarnefnd Vesturlands en starfsmaðurinn mun hafa starfsaðstöðu hjá lögreglustjóranum á Vesturlandi. Starfsmanninum er fyrst og fremst ætlað að vinna að gerð viðbragðsáætlana en í lögum um almannvarnir nr. 82/2008 er sú skylda lögð á sveitarfélög að vinna slíkar áætlanir til samræmis við hættumat í umdæmi þeirra.

Bæjarráð samþykkir, með vísan til 32. gr. laga um almannavarna nr. 82/2008, að gera ráð fyrir útgjöldum vegna ráðningarinnar í fjárhagsáætlun ársins 2020 en gert er ráð fyrir að hlutur Akraneskaupstaðar sé samtals um kr. 1.050.000 en heildarkostnaður við verkefnið er áætlað um 6,0 mkr.

---

**GREINARGERÐ:** Á vettvangi Samtaka sveitarfélaganna á Vesturlandi (SSV) hefur verið til umræðu um allnokkurt skeið tillaga lögreglustjórans á Vesturlandi um ráðningu verkefnastjóra almannavarnarnefndar í 50% starf, tímabundið til eins árs.

Á fundi stjórnar SSV þann 12. desember 2018 var málið rætt og eftirfarandi bókað:

„Sveitarfélögin á Vesturlandi taka ákvörðun um hvernig stöðugildi starfsmanns almannavarnarnefndar Vesturlands verður fjármagnað. Sóknaráætlun Vesturlands mun fjármagna ákveðin verkefni sem umræddur starfsmaður mun sinna. SSV er tilbúið til þess að ráða starfsmanninn til sín, en hann verði staðsettur á skrifstofu lögreglustjóra og heyri undir hann. Samningur verði gerður á milli SSV og lögreglustjórans á Vesturlandi um starfsmanninn.“

Málið var í framhaldinu tekið fyrir á fundi oddvita, bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi þann 28. janúar sl. og m.a. gerð grein fyrir að sóknaráætlun Vesturlands muni leggja 2,5 mkr. til verkefnisins og jafnframt að áætlunin gerði ráð fyrir að heildarkostnaður vegna 50% stöðugildis verkefnastjóra væri um 6,0 mkr.

Rædd var kostnaðarskipting á milli sveitarfélaganna en samkvæmt lögum um almannvarnir nr. 82/2008 er ljóst að kostnaður þessa þáttar þ.e. skv. IV. kafla laganna um skipulag almannavarna í héraði og skv. VI. kafla um gerð viðbragðsáætlana er á hendi sveitarfélaganna en jafnframt mælt fyrir um að ef sveitarfélög hafi samstarf um skyldur sínar skuli skipta kostnaðinum samkvæmt íbúatölu sbr. 32. gr.

laganna. Leitað var álits og ráðgjafar hjá Guðjóni Bragasyni sviðsstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um túlkun á greininni og var niðurstaða hans að sveitarfélögunum væri heimilt að semja um aðra niðurstöðu kostnaðarskiptingarinnar en ef ekki næðist samkomulag yrði að miðað við reglu laganna og byggja skiptinguna á íbúafjölda.

Töluverð umræða varð um þennan þátt á fundinum og ákveðið að fela starfsfólki SSV að afla frekari upplýsinga hjá tilteknum sveitarfélögum á Suðurlandi þar sem sams konar fyrirkomulag var sett á laggirnar, bæði með tilliti til kostnaðarskiptingar, starfslýsingar viðkomandi starfsmanns o.fl. og SSV falið að setja upp drög að samkomulagi á milli sveitarfélaganna um starfið með tillögu að skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaganna.

Umræddar upplýsingar voru sendar sveitarfélögunum í lok febrúar síðastliðinn og í ítarlegum tölvupósti framkvæmdastjóra er gerð skilmerkilega grein fyrir öllum þeim atriðum SSV var falið að vinna og sérstaklega tilgreint að samkomulagsdrögin hafi verið yfirlesin af lögfræðingum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varðandi kostnað og skiptingu hans á milli sveitarfélaganna er miðað við eftirfarandi í drögunum:

Gert er ráð fyrir að launakostnaður sé um 4.600.000 fyrir 50% starf sem þýðir að mánaðarlaun séu um 300.000 x 25% launakostnaður á mánuði og viðkomandi fylgi launaflokki 41 í kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og BHM félaga. Starfið er skilgreint sem verkefnisstjóri 3. Síðan er gert ráð fyrir að ferðkostnaður og annar kostnaður sé um 1.400.000 eða kr. 116.000 á mánuði.

Með hliðsjón af umræðum á vettvangi bæjar- og sveitarstjóra um jafnvægi milli íbúatengdra greiðslna og fastagreiðslu er lagt til að fastagjaldið á hvert sveitarfélag verði 150.000 en 2 mkr. verði skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaga. Hlutur Akraneskaupstaðar yrði þá um 45% af fjárhæðinni eða um kr. 900.000. Heildarkostnaður Akraneskaupstaðar yrði því um kr. 1.050.000. Gert er ráð fyrir að framlag SSV komi til á árinu 2019 þannig að sveitarfélögin geti gert ráð fyrir útgjöldunum í sínum fjárhagsáætlunum vegna ársins 2020.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra SSV er ekki búið að ráða viðkomandi starfsmann m.a. vegna þess að formleg afgreiðslu sveitarfélaganna er ekki lokið.

Um frekari upplýsingar vísast til meðfylgjandi fylgiskjala:

1. Fundargerð af fundi oddvita, bæjar- og sveitarstjóra á Vesturlandi dags. 28. janúar 2019
2. Drög að samkomulagi sveitarfélaganna á Vesturlandi um ráðningu starfsmanns í tímabundið starf fyrir Almannavarnanefnd Vesturlands.
3. Tölvupóstur framkvæmdastjóra SSV dags. 21. febrúar 2019.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst,  
F.h. Akraneskaupstaðar

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri